

Velferðarnefnd Snæfellsbæjar

2. fundur

30.ágúst 2022

Mættir eru: Gunnhildur K. Hafsteinsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Kristgeir Kristinsson, Stefán Smári Kristófersson og Viktoría Sif Viðarsdóttir.

Jafnréttisáætlun SNB

Ákveðið að skoða áætlun fyrir næsta fund og vera tilbúin með athugasemdir ef einhverjar eru.

Málþing: lífsgæði fatlaðra

Gunnhildur hefur ýtt á eftir byrjun þess hóps við yfirmann félagsþjónustu.

Málþing: Farsæld í þágu barna

Gunnhildur og Viktoría munu sitja þingið.

Reykjadalur?

Gunnhildur og Jón Haukur hittu forstöðumann varðandi fjölskyldufri fatlaðra barna. Árið 2022 verður aðstaða í Stykkishólmi og óskað var eftir tengilið.

Aðgengi fatlaðra

Rætt um verk “römpum upp ísland” og þörf á römpum í Snæfellsbæ.

Sumarstarf grunnskólabarna

Lítill fjölbreytni af afþreyingu fyrir börn í Snæfellsbæ. Rætt að senda inn erindi til íþrótt- og æskulýðsfélag að skora á að gert sé ráð fyrir sumarafþreyingu í fjárhagsáætlun. Meiri fjölbreytileika, fleiri vikur og fjármagn.

Erindi skrifað til íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.

Félagsstarf fullorðinna

Vinakaffi. Auglýsa þarf fyrsta fund til að kanna áhuga. Áttthagastofan stendur til boða til notkunar undir slíkt. Hægt er að koma af stað félagslegum hitting fyrir áhugasama í Snæfellsbæ.

Hægt væri að koma af stað fyrirkomulagi með sjálfboðaliðastarf, tilfallandi vinnu o.s.frv.

Leigumál Snæfellsbæ

Árborg ?: Fyrsti samningur er hámark 6mán. Næsti samningur er til tveggja ára og áframhaldandi á tveggja ára fresti þarf endurmat að fara í gang.

Rætt um stofnun reglugerða eða ramma sem fara þarf eftir við úthlutun íbúða í eigu bæjarins. Ákveðið að málefnið verði tekið fyrir á næsta fundi.

Akstursþjónusta

Takmörkuð akstursþjónusta í bæjarfélaginu.

Rætt að senda bréf til bæjarstjóra um fyrirspurn hvar akstursþjónusta stendur og hvernig þeim málum sé háttað í bæjarfélaginu. Þjónusta sem þarf að vera til staðar í bæjarfélaginu.

Erindi sent til bæjarstjórnar.

Forvarnaráætlun

Enginn forvarnarfulltrúi er í Snæfellsbæ eins og er.

Skoðaðar forvarnaráætlanir annarra bæjarfélaga til viðmiðunar. Ræða þarf um forvarnarfulltrúa, forvarnaráætlun og uppsetningu á vefsíðu.

Fundi slitið klukkan: 18.40
